

## Japönsk nútímalist á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 20. júlí verður opnuð að Kjarvalsstöðum umfangsmikil sýning á Japanskri nútímalist, sem ber yfirskriftina Óskilgreind Viðhorf-Breytileg Lífssýn.


Þar gefur að líta verk eftir 12 japanska listamenn. Sýningin kemur frá Sezon safninu í Tókyo, sem er eitt stærsta einkasafn í Japan.

Í tilefni sýningarinnar koma hingað til landsins fjórir japanskir

listamenn: Hr. Koyama, Hr. Nakamura, Fr. Yoshizawa og Fr. Hirabayashi, sem verða við opnun sýningarinnar.

Í tilkynningu varðandi sýninguna segir: „Grundvallarmunurinn á vestur-evrópski list og austrænni list er augljós jafnvel fyrir óreynda áhorfendur, en samt engan veginn auðvelt að lýsa honum. Tveir hlutir eru alla vega ljósir: Vestræn list, að minnsta kosti í fornöld og allt frá tímum endurreisnarinnar hefur einkennst af ákveðnum hroka einstaklingsins, þar sem maðurinn hefur verið aðalviðfangsefnið. Austræn list er hins vegar ekki eins afdráttarlaus, og leitast meira við að tjá heim náttúrunnar. Hinn vestræni maður drottmar yfir náttúrunni. Í austri er

það náttúran sem gnæfir yfir, og maðurinn er aðeins einn lítill hluti af mörgum undrum hennar.“ – Sýningin hefst kl. 16.00. -KMH



## GÖTU STEINAR Í ÆMUR STÆRÐUM



Götusteinninn, sem undanfarin ár hefur verið sá allra vinsælasti, fæst nú í þremur stærðum. Nú getur þú valið þrjár stærðir í sömu lögnina, allt eftir smekk.

Stærðir	verð
14 x 21 x 6 sm þykkur	1.660,-
14 x 14 x 6 sm þykkur	1.751,-
14 x 10,5 x 6 sm þykkur	1.750,-

Öll verð eru pr. m<sup>2</sup> með vsk.

## STÉTT HELLUSTEYPA

Hyrjarhöfða 8, 110 Rvík.,  
sími 686211.

## UM HELGINA

### SÝNINGAR

**Árbæjarsafn:** 21. júlí, 13.30-17.00 Harmonikkúhátíð og gömlu dansarnir. Brúðubíllinn kemur kl.14.00 á miðvikudag, 24. júlí.

**Akraborg:** Myndlistarsýning á 32 verkum eftir 19 myndlistarmenn. Sýningin stendur til 20. júlí

**Ásmundarsafn við Sigtún:** Sýningin „Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar“. Ný viðbygging hefur verið opnuð. Opíð 10-16 alla daga.

**Café Milanó, Faxafeni 12:** Alda Ármanna Sveinsdóttir sýnir vatnslitamyndir. Opíð virka daga 9.00-19.00 og sunnudaga 13.00-18.00.

**FÍM-salurinn:** Sumarupphengi stendur yfir í FÍM-salnum til 21. júlí.

**Galleri einn einn:** Helgi Örn Helgason opnar sýningu í dag kl. 18.00. Sýningin verður opin alla daga vikunnar til 4. ágúst.

**Galleri Hulduhólar:** Sumarsýning 13. júlí til 1. september. Opíð daglega kl. 14.00 - 18.00.

**Hafnarborg, Hafnarfirði:** Þýski listamaðurinn Andreas Green opnar sýningu í Sverrissal 19. júlí kl. 18.00. Myndlistarmaðurinn G. R. Lúðvíksson opnar fyrstu einkasýningu sína og giftir sig um leið. Sýningin verður opnuð kl. 14.00 laugardaginn 20. júlí. Sama dag á sama tíma opnar Sólveig Eggerz Pétursdóttir sýningu á vatnslitamyndum í aðalsal.

**Hótel Lind, Rauðarárstíg 18:** Helga Magnúsdóttir sýnir málverk frá kl. 11.00-23.00 alla daga vikunnar.

**Kjarvalsstaðir:** Sýning á japanskri nútímalist sem kemur frá Seibu safninu í Tokyo. Sýningin verður í öllu húsinu og stendur til 25. ágúst. Kjarvalsstaðir eru opinir daglega frá kl. 11.00-18.00.

**Listasafn Einars Jónssonar:** Opíð alla daga nema mánudaga kl.13.30-16.00, Höggmynda-

garðurinn opinn alla daga 11.00-16.00.

**Listasafn Íslands:** Sumarsýning á verkum úr eigu safnsins. Opíð frá kl. 12.00-18.00 alla daga nema mánudaga.

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:** Yfirlitssýning á andlitsmyndum Sigurjóns frá árunum 1927-1980. Opíð um helgar 14.00-18.00 og á kvöldin kl. 20.00-22.00, virka daga, nema föstudaga.

**Listasalurinn Nýhöfn, Hafnarstræti 18.** Bærinn í borginni. Sigurgeir Sigurjónsson sýnir ljósmyndir úr Þingholtunum 12.-24. júlí. Opíð virka daga 10.00-18.00 og um helgar kl. 14.00-18.00.

**Listaskáli Edens, Hveragerði:** Þórunn Guðmundsdóttir sýnir vatnslitamyndir og grafik, 15.-29. júlí.

**Meningarstofnun Bandaríkjaanna:** Myndlistarsýning Guðjóns Bjarnasonar. Þar verður opíð daglega frá 11.30-17.45.

**Minjasafnið á Akureyri, Aðalstræti 58:** Opíð daglega kl. 11.00-17.00. Sýning á mannamyndum Hallgríms Einarssonar, ljósmyndara. Laxdalshús, Hafnarstræti 11, er opíð daglega kl. 11.00-17.00. Þar stendur yfir sýningin: „Öeifjörð handelssted, brot úr sögu verslunar á Akureyri.“ Sunnudagskaffi.

**Norræna húsið:** Sumarsýning Norræna hússins. Málverk eftir Þorvald Skúlason.

**Póst og símaminjasafnið, Austurgötu 11 Hafnarfirði:** Opíð á sunnud. og þriðjud. 15-18.

**Safn Ásgríms Jónssonar:** Sýning á þjóðsagnamyndum og myndum frá Þingvöllum. Opíð frá kl. 13.00-16.00 alla daga nema mánudaga.

**Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8 Hafnarfirði,** er opíð alla daga nema mánudaga kl. 14.00-18.00. Þar stendur yfir sýningin: „Skipstjórnarfræðsla á Íslandi, Stýrimannaskólinn í Reykjavík 100 ára“.

**Stofnun Árna Magnússonar:** Handritasýning í Arnagarði við Suðurgötu alla virka daga í sumar fram til 1. september, kl. 14.00-6.00

**Torfan, Amtmannsstíg 1:** Gígja Baldursdóttir sýnir myndir. Myndirnar eru til sölu.

**Veitingahúsið í Munaðarnesi:** Þorlákur Kristinsson, Tólli, sýnir myndverk í allt sumar frá kl. 18.00 á fimmtud., föstud., laugard., og sunnud.

**Þjóðminjasafnið:** Þar stendur yfir sýningin Stóra-Borg, fornleifarannsókn 1978-1990. Sýningin verður opin fram í nóvember.

**Menntamálaráðuneytið:** Sýning á myndasögum 30.5-30.7., opíð á virkum dögum kl. 8.00-16.00

### TÓNLIST

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:** Hlíf Sigurjónsdóttir fíðlari, Lorenz Hasler víóluleikari, Christian Giger sellóleikari og David Tutt pianisti flytja báða pí-anókvartetta Mozarts þriðjudaginn, 23.júlí kl.20.30.

**Norræna húsið:** Grænlandingar syngja og dansa að fornum síð við trommuundirleik Sunnudag, 21. júlí, kl. 17.00.

### HITT OG ÞETTA

**Bílaklúbbur Skagafjarðar:** Rally í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum laugardaginn 27. júlí.

**Norræna húsið:** Ísland idag: Einar Karl/Steinunn (á sænsku). Kvikmyndasýning. Sunnudag 21. júlí kl. 15.00.

**Útivist:** – Helgarferðir 19.-21.7. Básar á Goðalandi. Gönguferðir um Goðaland og Þórsmörk. Fimmvörðuháls - Básar. Gist í Básam. Gengið upp frá Skógum, meðfram Skógaá. Einhyrningsflatir - Álfavatn. Róleg bakpokaferð.

**Hana nú:** Vikuleg laugardagsganga. Lagt af stað frá Fannborg kl. 10.00.

**Félag eldri borgara:** Göngu-Hrólfur! Brottför kl. 10.00 laugardag frá Risinu, Hverfisgötu 105. Skoðunarferð í Skorradal 20. júlí. Upplýsingar á skrifstofunni í síma: 28812.

## Gamla fólkinu bent á súrmjól

Tryggvi Harðarson, bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins í Hafnarfirði og leiðarhöfundur á Alþýðublaðinu, skrifaði grein í fjórblöðunginn í gær þar sem hann reynir að verja sjúklingaskatt heilbrigðisráðherra. Í greininni ráðleggur hann öldruðum sem ekki hafa efni á hægðalyfjum að breyta um matræði og borða súrmjól með morgunkorni:

„Í því tilfalli má nefna að gagnrýnt hefur verið að hægðalyf fyrir gamla fólk séu orðin óheyrilega dýr, sem vissulega má til sanns vegar færa. Hinu gleyma menn að með smábreytingum á mataræði þessa fólks má að mestu koma í veg fyrir hægðatregðu. Súrmjól með „morgunkorni“ gerir í langflestum tilfellum sama gagn og hægðalyfin.“

Hrisgrjónagratúrin hans Steingrims Hermannssonar varð á sínum tíma frægur, þegar hann var að hvetja landsmenn til að herða sultarólina. Kratar virðast þó ætla að slá Steingrími við þegar þeir ráðleggja öldruðum súrmjól í stað lyfja.

-Sáf

**KAFFI MARINO**  
gjörð svo vel...

**MARINO coffee**  
FRESH NATURAL FLAVOR  
VACUUM PACKED  
NET WT. 16 OZ (454 g)

**HOLF JONHANSEN & CO.**  
Skútuvogi 10a - Sími 686700



# Í ÁTT TIL AFVOPNUNAR

## KEFLAVÍKURGANGAN 10. ÁGÚST 1991

Skrifstofan er að Þingholtsstræti 6 og símarnir eru 620273 og 620293